



## Fundargerð – 562. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sf var haldinn þriðjudaginn 15. október 2024, kl. 16:30 Á Courtyard Marriott í Reykjanesbæ.

Mættir: Önundur Jónasson sem stýrði fundi, Ingþór Guðmundsson, Eiður Ævarsson, Steinþór Þórðarson og Svavar Grétarsson sem ritaði fundargerð. Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir boðaði forföll og það gerði varamaður hennar einnig. Halldór Eiríksson var gestur fundarins meðan fjallað var um dagskrárlíð 2.

### Dagskrá:

- Skýrsla framkvæmdastjóra.
  - Áætlun 2025 til endanlegrar afgreiðslu.
  - Stofnun félags um byggingu hátæknibrennslu.
  - Önnur mál.
- Skýrsla framkvæmdastjóra.** Framkvæmdastjóri fór yfir síðastliðinn mánuð. Brennsla gekk vel í september fram að viðhaldsstoppi frá 21. sept til 1. október. Farið var yfir stöðu mála í Grindavík en sú vinna er í fullum gangi í góðu samstarfi allra aðila.
  - Áætlun 2025 til endanlegrar afgreiðslu.** Halldór Eiríksson fór yfir áætlun ársins 2025. Þónokkrar framkvæmdir og endurnýjun búnaðar eru á áætlun ársins. Lögð er áhersla á að gjaldskrár hækki ekki umfram vísitölu. Stjórn samþykkir framlagaða áætlun ársins 2025 og felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að ganga frá henni til afhendingar til sveitarfélaganna.
  - Stofnun félags um byggingu hátæknibrennslu.** Framkvæmdastjóri fór yfir þá vinnu sem staðið hefur yfir um stofnun félags um undirbúning hátæknibrennslu og kynnti hluthafasamkomulag og samþykktir. Stjórn Kölku samþykkir þá tillögu sem unnið er eftir.
  - Önnur mál: Engin önnur mál.**

Næsti fundur er áætlaður 7. nóvember. Nánari tímasetning staðfest síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:15.

Fundargerð er samþykkt með rafrænum undirskriftum.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Ingþór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson